



Borgarráð

Samningur um afnotarétt

Lagt er til að borgarráð samþykki samning Reykjavíkurborgar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um afnotarétt af vörumerkjunum „Visit Reykjavík“ ásamt tengdum samfélagsmiðlum og „Re“ markaðsátaki. Markaðsstofunni er heimilt að nýta vörumerkin í tengslum við markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 16. febrúar 2023 var samþykkt m.a. að leggja niður Höfuðborgarstofu, sem rekin var af Reykjavíkurborg, frá 1. mars 2023 í tengslum við stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins sem stofnuð var 3. apríl 2023 undir heitinu Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt samþykkt borgarráðs færist umsjón, umsýsla og þróun visitreykjavik.is yfir til Markaðsstofunnar. Í samþykkt borgarráðs kom m.a. fram að mikil verðmæti felast í vefsíðunni og lagt er til að gera sérstakt samkomulag við Áfangastaðastofu um umsjón vefsíðunnar þar sem eignarhald Reykjavíkurborgar er tryggt til framtíðar. Meðfylgjandi samningur um afnotarétt af vörumerkjunum „Visit Reykjavík“ ásamt tengdum samfélagsmiðlum og „Re“ markaðsátaki á að tryggja eignarhald Reykjavíkurborgar.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2024 og er gildur í eitt ár. Heimilt er að framlengja samninginn tvisvar sinnum í 24 mánuði. Samningurinn fellur úr gildi ef Markaðsstofan verður lögð niður. Ef tilgangi Markaðsstofu er breytt verulega að mati Reykjavíkurborgar þá hefur Reykjavíkurborg heimild til að segja samningnum upp og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samningur um afnotarétt



Samningur um afnotarétt

Samningur þessi nr. MSS23090193 er á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 105 Reykjavík, (hér eftir „**Reykjavíkurborg**“) og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses., kt. 560523-1650, Hamraborg 9, 200 Kópavogi (hér eftir „**Markaðsstofan**“) (sameiginlega hér eftir „**samningsaðilar**“).

1 Efni og bakgrunnur samnings

1.1 Á fundi borgarráðs þann 16. febrúar 2023 var samþykkt m.a. að leggja niður Höfuðborgarstofu, sem rekin var af Reykjavíkurborg, frá 1. mars 2023 í tengslum við stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins sem stofnuð var 3. apríl 2023 undir heitinu Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt samþykkt borgarráðs færirst umsjón, umsýsla og þróun visitreykjavik.is yfir til Markaðsstofunnar. Í samþykkt borgarráðs segir: *„Umsjón, umsýsla og þróun visitreykjavik.is færirst yfir til Áfangastaðastofu. Mikil verðmæti felast í vefsíðunni og lagt er til að gera sérstakt samkomulag við Áfangastaðastofu um umsjón vefsíðunnar þar sem eignarhald Reykjavíkurborgar er tryggt til framtíðar.“*

Höfuðborgarstofa tók til starfa 2003 og leiddi samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um markaðssetningu á svæðinu gagnvart erlendum ferðamönnum undir sameiginlegu vörumerki Reykjavíkur. Kjarninn í starfsemi Höfuðborgarstofu var að byggja upp vörumerkið „Visit Reykjavík“. Reykjavíkurborg hefur borið ábyrgð á vörumerkinu og séð um þróun, umsýslu og rekstur frá upphafi, eða apríl 2003.

1.2 Höfuðborgarstofa markaðssetti höfuðborgina undir „Visit Reykjavík“ og hefur merkið öðlast ákveðið sérkenni við notkun.

1.3 Reykjavíkurborg er eigandi lénsins (e. domain) visitreykjavik.is samkvæmt skráningu ISNIC.

1.4 Borgarráð samþykkti 3. mars 2021 markaðsátak til að styðja við ferðaþjónustu í borginni í kjölfar heimsfaraldurs COVID19. Markaðsátakinu var beint til erlendra ferðamanna og hefur verið kjölfestan í markaðssetningu Höfuðborgarstofu. Markaðsátakið er undir merkjum „Re“.

1.5 Með samningi þessum veitir Reykjavíkurborg Markaðsstofunni afnot annars vegar af vörumerkinu „Visit Reykjavík“ og vefslóðinni www.visitreykjavik.is ásamt tengdum samfélagsmiðlum og hins vegar af „Re“ markaðsátakinu samkvæmt þeim skilmálum sem koma fram í samningi þessum.

2 Afnotaréttur

2.1 Markaðsstofunni er heimilt að nýta vörumerkin „Visit Reykjavík“ ásamt tengdum samfélagsmiðlum og „Re“, bæði orðmerki og orð- og myndmerki. Markaðsstofunni er heimilt að nýta vörumerkin í tengslum við markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins.



Reykjavíkurborg mun ekki nýta vörumerkin „Visit Reykjavík“ og „Re“ á gildistíma samnings þessa. Vörumerkið „Visit Reykjavík“ ásamt léni og tengdum samfélagsmiðlum og „Re“ eru áfram í eigu Reykjavíkurborgar.

- 2.2 Markaðsstofunni er heimilt að nýta vefslóðina www.visitreykjavik.is ásamt tengdum samfélagsmiðlum á gildistíma samnings þessa og tekur við rekstri á netföngum og hýsingu.
- 2.3 Reykjavíkurborg hefur rekið vefsvæðið www.visitreykjavik.is og útbúið vefefni sem birt er á vefnum. Markaðsstofan fær aðgang að vefsvæðinu til afritunartöku við undirritun samnings þessa og greiðir kostnað sem til fellur við yfirfærsluna.
- 2.4 Markaðsstofan ber ábyrgð á því að hafa tilskilin leyfi fyrir birtingu vefefnis, s.s. ljósmynda, á slóðinni www.visitreykjavik.is og tengdum samfélagsmiðlum og markaðsefni sem tengist „Re“ á gildistíma samningsins þ. á m. á grundvelli höfundaréttar og persónuverndarréttar.
- 2.5 Reykjavíkurborg mun aðstoða Markaðsstofuna við að færa afrit af vefsvæðinu í þá hýsingu sem Markaðsstofan kýs að nota og færa netumferð af slóðinni www.visitreykjavik.is þangað. Sú þjónusta skal veitt af hálfu Reykjavíkurborgar innan mánaðar frá því að MH óskar eftir því og eru reiðubúin til yfirfærslunnar. Reykjavíkurborg mun ekki veita frekari tæknilega aðstoð til Markaðsstofunnar á grundvelli þessa samnings.
- 2.6 Reykjavíkurborg mun ekki hafa aðgang að vefsvæðinu, samfélagsmiðlum, vefþjónum, pósthjónum eða hýsa slíka starfsemi á gildistíma samnings þessa. Markaðsstofan ber ábyrgð á allri þróun vefsvæðisins og samfélagsmiðlum og kostnaði því tengdu á samningstímanum.
- 2.7 Samfélagsmiðlar „Visit Reykjavík“ eru Instagram, Facebook og X (áður Twitter) sem er birtir á eftirfarandi reikningum: www.instagram.com/visitreykjavik og www.facebook.com/visitreykjavik og @visitreykjavik.

3 Gildistími

- 3.1 Samningur þessi um afnotarétt af vörumerkinu „Visit Reykjavík“ ásamt tengdum samfélagsmiðlum og vefslóðinni www.visitreykjavik.is ásamt „Re“ markaðsherferðinni er í gildi frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2025.
- 3.2 Samningsaðilar hafa heimild til að segja samningnum upp á samningstímanum og er uppsagnarfrestur einn mánuður. Þá fellur samningurinn úr gildi ef Markaðsstofan verður lögð niður.
- 3.3 Verði samningnum sagt upp eða hann falli úr gildi sbr. lið 3.2 þá er Reykjavíkurborg heimilt að nýta vefslóðina og vörumerkið „Visit Reykjavík“ ásamt tengdum samfélagsmiðlum og „Re“ án nokkurra takmarkana.



Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykkti borgarráðs.

Reykjavík __ / __ 2023

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Vottar:
